

# Skýrsla

Vegna samstarfs- og styrktarsamnings  
SFS OG RÚV um UNGRÚV  
2020 - 2022



FARIÐ YFIR HELSTU VERKEFNI,  
MÖGULEIKA OG TÆKIFÆRI Í  
SAMSTARFI SFS OG RÚV UM UNGRÚV

**SAMANTEKT SKRIFUÐ Í LOK ÞRIGGJA  
ÁRA SAMNINGSTÍMA Í SAMSTARFI  
HÖRPU RUTAR HJÁ SFS, AGNESI WILD  
OG HAFSTEINI VILHELMSSYNI HJÁ RÚV**

# Efnisyfirlit

04.

UngRÚV  
þjónusta fyrir unglinga

05.

Samstarfs og  
styrktarsamningur RÚV og SFS  
um UngRÚV 2020- 2022

07.

UngRÚV á siglingu

08.

SKREKKUR  
Hæfileikakeppni  
grunnskólanna í Reykjavík

11.

SKREKKUR  
á bakvið tjöldin

11.

Íslenskuverðlaun Skóla- og  
frístundasviðs Reykjavíkur

13.

UngRÚV Skólinn og ráðið  
tækifæri fyrir ungt fólk

14.

Ungir fréttamenn á  
Barnamenningarhátíð

14.

Barnamenningarhátíð heim til þín

15.

Upptaka og streymi af  
Barnamenningarhátíð í Hörpu

15.

Upptakturinn

16.

Vikaó og kynfræðsla

16.

Félagsmiðstöðvaheimsóknir

17.

Taka, stuttmyndakeppni  
grunnskólanna í Reykjavík

17.

Danskeppni Samfés

18.

Stíll hönnunarkeppni Samfés

18.

Söngkeppni Samfés

19.

Rímnaflæði

# Efnisyfirlit frh.

19.

Draumur í dós

19.

Sumarlandinn

19.

Skjálfti á Suðurlandi og  
Fiðringur á Norðurlandi

20.

Unglingar gegn Ofbeldi

22.

UNGRUV á tímum COVID

22.

Núllstillingin og  
Heimavistin

23.

Tækifæri í náinni framtíð í  
áframhaldandi samstarfi



# UNGRÚV


## ÞJÓNUSTA FYRIR UNGLINGA

UngRÚV er þjónusta RÚV fyrir fólk í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Lögð er áhersla á dagskrárefni fyrir unglunga, eftir unglunga, beinar útsendingar frá viðburðum og vandað efni sem framleitt er af RÚV. UngRÚV er með starfandi ungmennaráð sem sér um hugmyndavinnu, framleiðslu og aðrar dagskrártengdar ákvarðanir. UngRÚV er samstarfsverkefni Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og RÚV.

Með tilkomu UngRÚV varð til miðill þar sem efni sem höfðar til unglunga er tekið saman á einn stað. Hlutverk miðilsins er fyrst og fremst að búa til tækifæri til að láta hugmyndir unglunga verða að veruleika. UngRÚV er vettvangur fyrir umfjöllun um viðfangsefni unglunga og unglingaviðburði. Miðillinn eykur sýnileika unglunga og unglingamenningar.

Unglingar fá tækifæri til að læra af miðlinum og starfsfólki RÚV um alla þætti fjölmiðla og fjölmiðlunar. Hann er því hugsaður sem valdefling fyrir unglunga og skapandi vettvangur til að vinna með hugmyndir þeirra og virkja þau. Með tilkomu UngRÚV hafa raddir unglunga fengið að heyrast meira en nokkru sinni á ríkismiðli.

Miðillinn er í stöðugri þróun og opinn fyrir öllum hugmyndum unglunga og þeirra sem starfa með ungu fólk.



# SAMSTARFS OG STYRKTARSAMNINGUR RÚV OG SFS UM UNGRÚV 2020- 2022

UngRÚV er þjónusta við ungt fólk þvert á miðla RÚV. Markmið samstarfs RÚV og SFS er að unglingar í 8., 9. og 10. bekk í Reykjavík fái tækifæri til að þróa og taka þátt í verkefnum UngRÚV þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og mismunandi hæfileika samfélagsins.

Verkefnið mun felast fyrst og fremst í eftirfarandi:

- RÚV þróar áfram vefmiðil fyrir unglinga í samstarfi við SFS með áherslu á dagskrárefni fyrir unglinga.
- RÚV leggur til grundvallar miðilinn UngRÚV þar sem ungu fólk gefst tækifæri til að koma á framfæri eigin framleiðslu.
- Utanumhald með námskeiðum:
  - Tækni- og dagskrárgerðarnámskeið haldið árlega á vegum RÚV, þar sem um tuttugu unglingum er boðið að taka þátt. RÚV gefur ungu tæknifólki möguleika á að taka þátt í framleiðslu á efni fyrir UngRÚV að undangengnu námskeiði skv. samningi þessum.
  - Námskeið í fréttamiðlun, vinnslu og flutningi. Ungt fréttafólk fær þjálfun í öllu því helsta sem þarf að kunna í fréttaflutningi. Fréttir þeirra eru svo birtar á UngRÚV og í Krakkafréttum. Námskeið fer fram stuttu fyrir Barnamenningarhátíð.
- SFS í samstarfi við UngRÚV setja á laggirnar UngRÚV ráð sem hjálpar til við að móta dagskrárstefnu UngRÚV.
- Samstarf um Skrekk - hæfileikakeppni SFS.
  - Myndræn skrásetning á skólaheimsóknum þar sem allir þátttökuskólar eru heimsóttir og viðtöl tekin við keppendur,
  - Leggur til tækja- og tæknibúnað og vinnuframlag starfsfólks RÚV fyrir undanúrslit og úrslita kvöld.
  - Sendir út þrjár vefútsendingar af undanúrslitum.
  - Upptökur á prófílum, fyrir beina útsendingu.
  - Viðtal við sigurvegara frá árinu áður.
  - Umsjón með ungu fólk á samfélagsmiðlum UngRÚV.
  - Verkefnastjórnun og útsendingarstjórn á beinni útsendingu af úrslitakvöldi.
  - Umfjöllun um Skrekk á RÚV miðlum.
- Auka sýnileika unglinga í línulegri dagskrá á RÚV - jafnt í almennri dagskrá sem og sérstakri þáttagerð á helstu viðburðum ungmenna svo sem Samfés, Stíl, Danskeppni Samfés, Rímnaflæði, Upptaktinn og fleira.
- Framleiða spjallseríu þar sem ungmenni eru í forgrunni. Áhorfendur kynnast áhugaverðu ungu fólk og læra um málefni sem þeim eru hugleikin sbr. þáttagerð um ungt fólk sem fékk Íslenskuverðlaun SFS.
- Gæta skal trúnaðar gagnvart málefnum barna og skal tryggt að aflað sé samþykkis forsjáraðila þegar við á.

# SAMSTARFS OG STYRKTARSAMNINGUR RÚV OG SFS UM UNGRÚV 2020- 2022

Samningurinn er í takt við helstu markmið Menntastefnu Reykjavíkur,  
Látum draumana rætast:

Að öll börn:

- vaxi, dafni og uni saman í samfélagi sem einkenndist af lýðræði, jafnrétti, mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
- þrói sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri námslega og félagslega í skóla- og frístundastarfi.
- lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru.
- sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun.
- tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og búi yfir hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Síðan þessi samningur var gerður þá hefur RÚV þróað vefsíónvarp fyrir ung fólk í samstarfi við SFS.





## UNGRÚV Á SIGLINGU

Árið 2018 fór RÚV af stað með UngRÚV með samstarfs og styrktarsamningi frá Skóla og frístundasviði Reykjavíkur. Árið 2020 var samningurinn endurnýjaður við RÚV um að halda áfram að miðla þjónustu við ungmenni á aldrinum 13-20 ára. Markmið samningsins var að styðja við unglíngalýðræði og skapa vettvang fyrir raddir unglínga í íslensku samfélagi.

Hér að neðan er umfjöllun um það helsta sem varð til í samstarfi UngRÚV og SFS. Vegna heimsfaraldurs fóru ekki allir hlutir eins og ætlað var en í flestum tilfellum var fundin lausn og þættir aðlagaðir og framkvæmdir með öðrum hætti. Nýjum hugmyndum var líka hrint í framkvæmd umfram það sem fram kemur í samningnum.

# SKREKKUR- HÆFILEIKAKEPPNI GRUNNSKÓLANNA Í REYKJAVÍK

Frá því að samstarf RÚV og SFS hófst hefur umfjöllun og umgjörð Skrekks tekið mikið stökk uppá við í fjölda beinna útsendinga, fagmennsku og gæðum. Það hefur leitt til meiri jákvæðrar umfjöllunar um viðburðinn á miðlum RÚV en einnig á öðrum miðlum og um leið meðal almennings í landinu. RÚV hefur jafnframt unnið umfjöllun og fréttir með myndefni úr skólaheimsóknum til Skrekkshópa í aðdraganda Skrekks. Undanúrslitakvöldunum er streymt á opnunarsíðu [www.ruv.is](http://www.ruv.is). Gæðin við þessa útsendingu eru mikil, klippt á milli þriggja myndavéla, búið að skrifa öll atriðin og unglingarnir hafa verið verulega ánægð með þessar útsendingar af atr. Myndband af atriðunum sem komust í úrslit eru sett sem frétt inn á vef RÚV strax í kjölfar tilkynningar úrslita hvert kvöld auk þess sem UngRÚV hefur birt atriðin á vef ungruv.is strax í lok hvers undanúrslitakvölds og þá fara þátttakendur beina leið heim að horfa á sig sjálf. Skrekkur var tilnefndur til Íslensku menntaverðlaunanna 2022 og má m.a. tengja þann virðingavott hversu flott útsendingin af viðburðinum er orðin með samstarfinu við UngRÚV.



Úrslitakvöld Skrekks er með metnaðarfyllstu beinu viðburða útsendingum á RÚV ár hvert. Úrslitakvöldið með 8 myndavélum, krana og öllu tjaldað til auk þess sem búið er að taka upp innslög um atriðin sem sýnd eru í útsendingunni áður en þau koma á svið. Fréttastofa RÚV verið með beina frétt í sjö fréttum af stemmingu í húsi rétt fyrir úrslitakvöldið og eru svo fyrst með fréttirnar þegar úrslitin eru ljós. Viðtal hefur verið við sigurlið Skrekks í 10 fréttum þegar geðshræringin er mikil og gleðin við völd.






Aðkoma unglinga að þessari útsendingu er á mörgum stigum verkefnisins. Áhugasamir unglingar hafa séð um að myndblanda í beinni útsendingu. Unglingar hafa verið baksviðs með samfélagsmiðla UngRÚV að miðla fréttum af stemmingunni. Sigurvegarar Skrekks hafa komið í viðtal á RÚV daginn eftir úrslit og talað um atriðið og sigurinn. [Má sjá það hér.](#)

Hér fyrir neðan má sjá síðustu áhorfstölur Úrslitakvöld Skrekks en þau voru mest sótti þátturinn í spilara RÚV í þeirri viku. Skrekkur var mest sóttur í spilara þá vikuna og ofarlega á lista yfir efni með mesta áhorfið.







## SKREKKUR - Á BAKVIÐ TJÖLDIN

Heimildarmynd um þátttöku Laugalækjarskóla í Skrekk 2021 unnin af fjórum vinum í 10. bekk sem tóku þátt í Skrekk. Myndin fjallar almennt um ferðalag Laugalækjarskóla frá fyrstu æfingu fram að sýningu í Borgarleikhúsinu.

RÚV keypti sýningarrétt á þessari mynd af framleiðendunum ungu og sýndi á besta áhorfstíma í sjónvarpinu. Myndin vakti mikla athygli og var fimmta mest sóttu efnið á spilara RÚV þá vikun en hún var sýnd í vikunni fyrir lokakvöld Skrekks til að vekja athygli á keppninni, auk þess var tekið ítarlegt viðtal við framleiðendurnar og fjallað um myndina í Kastljósi fyrr um kvöldið sem myndin var sýnd.

## ÍSLENSKUPERÐLAUN SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS REYKJAVÍKUR

Vegna samstarfs SFS og RÚV kom hugmynd að nýjum þáttum sem fjalla um verðlaunahafa Íslenskuverðlauna unga fólksins á SFS. Valin voru fimm ungmenni í borginni sem UngRÚV hitti og tók viðtöl við og fylgdi eftir í einn dag í skólanum.

Allir viðmælendurnir eiga það sameiginlegt að vera með íslensku sem sitt annað tungumál. Einnig var rætt við kennara krakkana, skólatjórrendur og ungmennin sjálf um skólann, íslenskunámið og lífið á Íslandi. Þættirnir byrjuðu í framleiðslu sumar 2022 og verða að líkindum sýndir í febrúar 2023. Í framhaldinu eru uppi hugmyndir um að gera fleiri þáttaraðir um áhugavert ungt fólk í Reykjavík.





# UNGRÚV SKÓLINN OG RÁÐIÐ TÆKIFÆRI FYRIR UNGT FÓLK

Síðustu fimm ár hefur UngRÚV ásamt SFS skipulagt og haldið utan um UngRÚV skólann í samstarfi við Vinnuskólann. Þar sem unglingum er boðið að koma og vinna við dagskrárgerð í fjórar vikur. Skólinn var settur á laggirnar til að vekja áhuga ungs fólks á fréttum, menningu, miðlun og samfélagsrýni. Krökkum á unglingastigi grunnskóla gefst kostur á að sækja skólann og læra undirstöðuatriði við mynd- og hljóðupptöku, öðlast innsýn í dagskrárgerð og fréttamennsku. Í framhaldi námskeiðanna verða ungmennin hluti af UngRÚV-ráðinu sem leggur lóð sín á vogarskálarnar í stefnumótun samfélagsmiðla UngRÚV, tekið þátt í framleiðslu og verið ráðgjafar þegar kemur að framleiðslu á innlendu efni fyrir ungt fólk.



Árið 2020 spreyttu ungmennin sig á framleiðslu, þáttastjórn, kvikmyndatöku, hljóðupptöku og leikstjórn ásamt því að fá innsýn inn í starfið á RÚV. Árið 2021 var sumarið vel nýtt og framleiddi hópurinn sína eigin þætti í þáttaröðinni Rauði sófinn. Þau fengu til sín áhugavert fólk og tóku viðtöl við þau um málefni sem þeim fannst áhugaverð. Þau lærðu einnig hlaðvarpsgerð, þann nýja og hratt vaxandi miðil. Krakkarnir gerðu svo sína eigin hlaðvarpsþætti. Eftir skólann urðu þau partur af UngRÚV ráðinu það árið. Kennarar í UngRÚV skólanum voru Hafsteinn Vilhelmsson og Snærós Sindradóttir. Sumarið 2022 var ákveðið að bjóða þeim krökkum sem tóku þátt í skólanum 2021 að vera áfram í UngRÚV ráðinu, því þeirra námstími í UngRÚV skólanum var mjög litaður af Covid.

UngRÚV skólinn er ekki einungis námsvettvangur þar sem ungmenni geta lært um dagskrárgerð heldur skapast ýmis tækifæri fyrir unglinga í gegnum skólann. Til dæmis má nefna að Anja Sæberg sem var nemandi í UngRÚV skólanum 2021 kynnir nú dagskrána í hinum vikulegu þáttum Húllumhæ.

# UNGIR FRÉTTAMENN Á BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

Ungir fréttamenn á Barnamenningarhátíð hafa fengið kennslu hjá helstu sérfræðingum RÚV og flutt fréttir af viðburðum Barnamenningarhátíðar. Auglýst hefur verið eftir umsóknum um þessi hlutverk og hafa unglingar sent inn myndbandsumsóknir og valin í störfun út frá þeim. Fréttir ungra fréttamanna eru birtar undir sérstökum hnappi á forsíðu Ruv.is og sumar hafa ratað inn á almennu fréttaveituna. Þetta hlutverk hefur verið valdeflandi fyrir unglingana en að auki mikilvægt fyrir hátíðina. Árið 2021 var Barnamenningarhátíð með óhefðbundnum hætti og samkomutakmarkanir á RÚV en 2022 var námskeiðið haldið og unglingar úr Reykjavík gerðu skemmtilegar fréttir. Hér er hægt að horfa á fréttirnar.



## BARNAMENNINGARHÁTÍÐ HEIM TIL ÞÍN



Barnamenningarhátíð 2021 var haldin með sérstöku sniði því þá var útbúinn sérstakur þáttur sem kallaður var Barnamenningarhátíð heim til þín. Þátturinn sýndi hluta af þeim dagskrárlíðum sem annars hefðu verið á opunarviðburði hátíðarinnar.

Bríet söng lag hátíðarinnar sem samið var í samstarfi við börnin í 4. bekkjum í Reykjavík - fljúgandi furðuverur. Í forgrunni í þættinum voru verk barna á stórrí sýningu í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum á verkum barna í grunnskólum í tengslum við LÁN - listrænt ákall til náttúrunnar sem er verkefni sem skipulagt er að Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur. Þátturinn var sendur út til allra grunnskóla í Reykjavík en var jafnframt sýndur í línulegri dagskrá á RÚV. Þátturinn er mikilvæg heimild og var nýttur sem hluti af dagskrá Menntastefnumóts borgarinnar í Hörpu. Hægt er að horfa á þáttinn hér.


# UPPTAKA OG STREYMI AF BARNAMENNINGARHÁTÍÐ Í HÖRPU

RÚV hefur tekið upp og streymt dagskrá opunarviðburðar Barnamenningarhátíðar á vef sínum. Hátíðin hefur því boðið öllum leikskólum og grunnskólum borgarinnar og allra grunnskóla landsins og boðið börnum að fylgjast með. Þetta er jafnframt dýrmæt heimild um viðburðinn. Hér er hægt að finna streymi af viðburðinum.



## UPPTAKTURINN

UngRÚV hefur lagt mikinn metnað í umfjöllun í útvarpi, vef og í sjónvarpi um Upptaktinn, tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna. Þar gefst ungu fólki tækifæri til að senda inn tónsmíð og vinna markvisst úr hugmyndum sínum með listnemunum og listafólki. UngRÚV hefur verið partur af Upptaktinum frá upphafi ásamt tónlistarhúsinu Hörpu, Barnamenningarhátíð Reykjavíkur, Tónlistarborginni Reykjavík og Listaháskóla Íslands. UngRÚV sá um upptöku og framleiðslu á kynningarinnslögum þar sem viðtal var tekið við höfunda laganna. Tónleikarnir voru svo sýndir á vef UngRÚV ásamt því að vera útvarpað á Rás 1. Viðtölin við ungmennin og tónverkin voru svo sýnd í menningarþættinum Húllumhæ á föstudögum á RÚV.



## VIKA6 OG KYNFRÆÐSLA

Vika6 er árlegt kynfræðslu átak hjá Jafnréttisskóla Reykjavíkur. Í samstarfi við Reykjavíkurborg beindi UngRÚV sjónum sínum að kynheilbrigði og birti fimm þætti sem unnir voru af Kolbrúnu Hrund Sigurgeirsdóttur verkefnastýru Jafnréttisskóla Reykjavíkur þar sem hún fór í saumana á kynlífi og samskiptum annað árið og kynlífi og menningu hitt. Leitast var við að tala opinskátt um viðfangsefnið og opna og efla samtalið um kynlífsmenningu nútímans.

Kastljósinu var beint að jákvæðri karlmennsku í samstarfi við Þorstein V. Einarsson sem heldur úti Karlmenskusamfélaginu. Framleiddir voru fjórir þættir þar sem lögð var áhersla á að sýna tilfinningalíf drengja á eðlilegan hátt og varpa ljósi á ofbeldi, staðalmyndir og misrétti. Þættirnir hlutu mikið lof og hefur verkefnið lifað sjálfstæðu lífi síðan. Hlaðvarpsþættirnir Klukkan sex þar sem spurningu sem þig hefur alltaf langað til að spyrja en aldrei þorað er svarað. Þáttastjórnendur voru Indíana Rós Ægisdóttir og Mikael Emil Kaaber.

## FÉLAGSMIÐSTÖÐVAHEIMSÓKNIR

UngRÚV heimsækir Félagsmiðstöðvar í Reykjavík og gerir innslög um starfsemina, talar við unglinga og starfsfólk um félagsmiðstöðvastarfið. Starfsmaður UngRÚV fór í félagsmiðstöðvar og fékk unglingatil að segja sér frá starfinu, sýna það helsta og taka þátt í áskorunum með unglíngum.

[Hér er ein heimsókn þegar UngRÚV heimsótti félagsmiðstöðina 105.](#)





# TAKA, STUTTMYNDAKEPPNI GRUNNSKÓLANNA Í REYKJAVÍK

## Laugalækjarskóli hlaut fyrstu verðlaun



Brot úr mynd sig.veggna stuttmyndakeppni grunnskólanna Taka Skjölkróvimeo

Sigurmyndir úr Töku, stuttmyndakeppni grunnskólanna í Reykjavík eru birtar á vef UngRÚV. Mixtúra í Reykjavík hefur haldið utan um þessa keppni. Myndir koma jafnan inn í gegnum skólanna og dómnefnd fer yfir innsendar myndir. Sigurmyndirnar hafa verið birtar á vef UngRUV.is og hefur frétt verið unnin um verðlaunin á ruv.is.

[UngRúv - Stuttmyndin Mjólk](#)

## DANSKEPPNI SAMFÉS

Danskeppni Samfés fór fram tvisvar sinnum á tímabilinu.

Undanfarin ár hefur áhugi dansmenningu farið vaxandi meðal ungs fólks. Í danskeppni

Samfés býðst öllum félagsmiðstöðvum að senda inn atriði. Keppnirnar voru haldnar í

Gamla bíói í Reykjavík og í Helgafellsskóla Mosfellsbæ.

Almennt eru um 20 atriði sem taka þátt í keppninni. Ungrúv

mætti á staðinn og fjallaði um keppnina. Keppnin var sýnd í

beinu streymi á ungruv.is og á ruv.is ásamt því að gert var

innslag um viðburðinn og það sýnt í Menningunni og

Húllumhæ.

[Danskeppni Samfés 2022](#)



# STÍLL HÖNNUNARKEPPNI SAMFÉS

UngRÚV var á staðnum á hönnunarkeppninni, tók upp innslag fyrir menninguna og sýndi frá keppninni í þeim þætti ásamt því að sýna það í Krackafréttum. Lögð var áhersla á að fanga stemninguna í keppninni og tekin voru viðtöl við hönnuði og keppendur. Gaman er að segja frá því að innslagið í menningunni um Stíl og Danskeppni Samfés var það innslag sem mesta áhorf fékk í þætti menningarinnar árið 2021. [Hér má sjá innslagið.](#)



## SÖNGKEPPNI SAMFÉS

Í heimsfaraldri var farið í allskonar nýjar leiðir til að ná til ungmenna. Ýmsir viðburðir voru haldnir á netinu og þau beðin um að senda inn myndbönd af sér syngja. Árið 2022 var svo söngkeppni samfés haldin aftur eftir hlé. Keppnin var haldin á Ásvöllum og var sýnd í beinni útsendingu á RÚV. Umgjörð var rísa stór og úrvalstökufólk og framleiðendur komu að Söngvakeppninni. Útsendingin vakti mikla athygli fyrir hversu vel var staðið að henni. Keppendur voru beðnir um að senda inn myndband af sér þar sem þau kynntu sig. Myndbandið var svo sýnt áður en þau stigu á svið. [Hér má sjá innslögin.](#)

# RÍMNAFLÆÐI

Mikil gróska hefur verið í íslensku rappi undanfarin ár og heimsfaraldur náði ekki að breyta því. Ungmenni sem vildu taka þátt í Rímnaflæði 2020-2022 voru beðin um að senda inn tónlistarmyndband af sér vera að rappa lagið sitt. Myndböndin voru svo öll sett inn á ungrúv.is þar sem hægt var að kjósa á milli þeirra. Þetta kom svo vel út að ákveðið hefur verið í samstarfi við SAMFÉS að þetta verði partur af Rímnaflæði keppninni hér eftir. Hugmyndin er að þetta fyrirkomulag haldi áfram vegna þess hversu vel þetta kom út og þetta leiddi til þess að unglingarnir komu betur undir búin á staðinn.



## DRAUMUR Í DÓS

Samstarfsverkefni um forvarnir gegn orkudrykkjaneyslu ungs fólks. Lára Sigurðardóttir læknir frá Landlæknisembættinu vann sex tilbúna þætti sem birtir voru á UngRÚV.is ásamt ítarlegi umfjöllun á RÚV.is. Einnig voru þessir þættir sýndir sem aukaefni á milli sjónvarpsliða í kvölddagskrá.

## SUMARLANDINN

Hafsteinn á UngRÚV fékk stöðu í Sumarlandanum og með hans innkomu jókst áhersla á ungt fólk.

## SKJÁLFTI Á SUÐURLANDI OG FIÐRINGUR Á NORÐURLANDI

Þar sem Skrekkur hefur vakið svo mikla athygli á landsvísu með samstarfinu RÚV og SFS hafa unglingar utan af landi sett pressu á sín sveitarfélög að halda keppnir líkar Skrekk. UngRÚV tók upp tvær keppnir og setti á vefinn sinn. Annars vegar Skjálfta á suðurlandi sem haldin var á Þorlákshöfn 2021 og hinsvegar Fiðringin á norðurlandi 2022.

# UNGLINGAR GEGN OFBELDI



Unglingar gegn ofbeldi er samstarf UngRÚV og ungmennaráðs Samfés um að vekja athygli á ofbeldi meðal unglinga, andlegu og líkamlegu, og mikilvægi þess að virða mörkin sín og annarra. Í fyrra voru framleidd fjögur myndbönd þar sem unglingar töluðu um að virða mörkin og voru þau birt á Samfestingnum og á UngRÚV.is. Í ár framleiddi Samfés myndböndin sem voru birt á UngRÚV.is ásamt því að tekin voru viðtöl við ungmenni og athygli vakin á verkefninu. Markmið átaksins #Hvað finnst okkur er að skapa vettvang þar sem ungt fólk getur komið á framfæri spurningum, hugmyndum, upplýsingum og tilvitnunum er varða þau.





# UNGRUV Á TÍMUM COVID:

## NÚLLSTILLINGIN OG HEIMAVISTIN

Vegna samkomutakmarkana setti RÚV á laggirnar þætti alla virka daga á milli 9 og 11 í upphafi Covid sem kallaðir voru Heimavistin. Markmiðið var að vera með uppbyggilega, fræðandi og góða dagskrá fyrir börn á tímum samkomutakmarkana sem skólar og heimili gætu notað. Einnig hélt RÚV Núll úti tveggja klukkustunda löngum spjallþætti alla virka daga, í beinni útsendingu, með það að markmiði að stytta framhaldsskólanemum stundirnar þegar skólar voru lokaðir. Núllstillingin var send út frá sviði Eldborgar í Hörpu og spannaði sex vikna tímabil með fjórum þáttastjórnendum sem skiptu þáttunum á milli sín. Markmið þáttanna var að vera fræðandi og skemmtileg, gefa áhorfendum góð ráð um hvernig halda mætti út samkomutakmarkanirnar og vera uppbyggileg á erfiðum tímum. Upp úr þáttunum voru unnar hátt í hundrað veffærslur ásamt miklu magni efnis fyrir samfélagsmiðla.



Að lokum má nefna að RÚV núll setti mark sitt á bæði útvarp og sjónvarp með öðrum hætti árið 2020. Deildin kom með ríkum hætti að skipulagi og innslögum Gettu betur snemma árs en var jafnframt áberandi í dagskrá Rásar 2 á árinu, og þá sérstaklega á sumarmánuðum.

Þá hélt deildin uppi virkum vef og samfélagsmiðlum og fjallaði þar um allt það sem varðar ungt fólk í dag ásamt hugðarefnum þeirra. Í lok árs voru gerðar breytingar á þjónustunni með það að leiðarljósi að einfalda miðlun á þjónustunni og gera efni fyrir ungt fólk enn aðgengilegra og sýnilegra á öllum miðlum RÚV. Allt sjónvarpsefni fyrir 16 ára og eldri verður framvegis framleitt undir formerkjum RÚV.



# TÆKIFÆRI Í NÁINNI FRAMTÍÐ Í ÁFRAMHALDANDI SAMSTARFI

Tímabil þróunar hefur sýnt okkur hversu margt samstarf UngRÚV og SFS hefur og getur gefið af sér.

Skrekkur hefur verið unninn í nánú samstarfi RÚV og SFS, langt út fyrir útsendingarnar og gæði þess viðburðar aukist mjög.

Tækifærin fyrir unglunga til að læra og taka þátt í dagskrárgerð hefur aukist mjög vegna þessa samnings.

Helsta áskorunin hefur verið að fá efni að frumkvæði unglunga eða að fá skóla- og félagsmiðstöðvar til að hafa frumkvæði að því að skapa efni.

Næsta skref er að auka enn frekar sýnileika unglunga í línulegri dagskrá á RÚV. Þættir um viðurkenningarhafa Íslenskuverðlaunanna verða sýndir í byrjun árs og í haust er stefnt á að setja í loftið unglungapátt sem að miklu leyti verður stýrt af unglungum og stefna þáttarins verður þeirra. Fræðslu- og skemmtipáttur um unglunga, fyrir unglunga á besta tíma fyrir foreldra um spurningarnar sem unglingar eru að spyrja að í dag.

Aukið samstarf við Mixtúru um Töku, stuttmyndasamkeppni SFS þar sem UngRÚV sýnir flottustu myndirnar og tekur viðtöl við sigurvegara.

Góð tækifæri í að koma inn fræðslu frá sérfræðingum SFS og víðar sbr. Vika6 myndböndin

